

Dá ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Ásgeir Ásmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og 3000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1940.

Nr. 70/1939. **Halldór Sveinsson** (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Nancy Sigurðsson og gagnsök**  
(Jón Ásbjörnsson).

Konu og dóttur manns, er farizt hafði af bilslysi, dæmdar dánarbætur.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdómur í máli þessu er uppkveðinn af fulltrúa lögmannsins í Reykjavík Gunnari A. Pálssyni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1939, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar af gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar niðurfærslu fjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði, málskostnaðar af

gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti og niðurfalls málskostnaðar í héraði. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1939, krefst þess hinsvegar, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni kr. 14697.00 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags, en til vara, að fébæturnar verði hækkaðar eftir mati dómsins og vextir dæmdir, eins og áður segir. Ennfremur krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks hefir af hennar hendi verið krafizt þess, að skipt verði í því hlutfalli, sem rétt telst, fjárhæð þeirri, er dæmd verður, milli hennar og dóttur hennar og Sigmundar heitins, Selmu Maríu.

Kenna verður vangæzlu Sigmundar heitins Sigurðssonar að mestu leyti um slys það, sem mál þetta varðar. Ætlanda er þó, að slysinu hefði orðið afstýrt, ef aðaláfrýjandi hefði ekið hægar, farið svo nærri vinstri vegarbrún sem unnt var og gefið glögg hljóðmerki. Að þessu athuguðu telst með skirskotun til 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 hæfilegt að leggja á aðaláfrýjanda helminginn af fébótum tjóns þess, er af slysinu hefir hlotizt. Eftir gögnum málsins þykja dánarbætur Sigmundar heitins hæfilega metnar kr. 13000.00. Helming þessarar fjárhæðar, kr. 6500.00, ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda, þar af kr. 3700.00 sjálfrar hennar vegna og kr. 2800.00 vegna dóttur hennar, Selmu Maríu. Ennfremur ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda helming útfararkostnaðar Sigmundar, kr. 348.50. Skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda verður því alls kr. 6848.50. Frá fjárhæð þessari kemur ekki til álita í þessu máli að draga að nokkru eða öllu þær kr. 4300.00, sem gagnáfrýjandi hefir fengið frá

Tryggingarstofnun ríkisins, með því að téð stofnun hefir ekki gengið inn í mál þetta.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Halldór Sveinsson, greiði gagnáfrýjanda, Nancy Sigurðsson, kr. 6848.50 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags, þar af kr. 2800.00 ásamt vöxtum vegna dóttur hennar, Selmu Maríu Sigmundsdóttur.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. desember 1937, af Nancy Sigurðsson, ekkju, Bræðraborgarstig 10 C hér í bæ, gegn Halldóri Sveinssyni, bifreiðarstjóra, Bergstaðastræti 10 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 14697.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins.

Ennfremur hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur krefst *ad allega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* hefir hann krafizt lækkunar á stefnukröfunni bæði af þeirri ástæðu, að hún sé of há, og þeirri, að skipta beri sökinni á síðargreindu slysi. Að því er málskostnað-

inn snertir, hefir stefndur einnig til vara krafizt þess, að hann verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þriðjudaginn 7. september 1937 klukkan um 11 fyrir hádegi var bifreiðinni R 507 ekið héðan úr bænum áleiðis inn að Kirkjusandi. Aftan í bifreiðina var bundinn lágur fjórhjólaður dráttarvagn, sem á var lagður nótabátur, er einnig var bundinn á bifreiðina. Lá báturinn á hægri hlið, og vissi framendinn að bifreiðinni, en kjölurinn að vinstri vegbrún. Á vörupalli R 507 stóðu þrír verkamenn, er unnu að flutningi bátsins, en í honum, þar sem hann lá á vagninum, munu hafa verið um sex menn. Er bifreiðin var nýkomin á Laugarnesveginn, munu þeir, er á vörupallinum stóðu, hafa kallað til þeirra, er í bátnum voru, um að aðgæta, hvort ekki þyrfti að laga bátinn á dráttarvagninum. Var bifreiðin þá stöðvuð, þannig að bæði hún sjálf og dráttarvagninn stóðu alveg úti á vinstri vegbrún, en einn mannanna, er í bátnum voru, Sigmundur Sigurðsson, eiginmaður stefnanda máls þessa, sté út úr honum hægra megin og niður á götu. Fór hann fyrst aftur fyrir bátinn og aðgætti vinstra megin. Síðan sneri hann við og gekk aftur inn á veginn fyrir afturstefni bátsins, en einmitt í þeim svifum ók stefndur í máli þessu bifreiðinni R 358, sem var eign hans og vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, aftur með bátnum. Varð þarna árekstur með Sigmundi og R 358, þannig að Sigmundur lenti, að því er virðist, á hægra hornið á vörupalli hennar, kastaðist aftur fyrir sig og lá á bakið þversum á veginum, er hann var tekinn upp. Var hann þegar fluttur á Landspítalann og andaðist þar samdægurs kl. 3,30 e. h. af völdum slyssins.

Í sambandi við opinbert mál, er á sínum tíma var höfðað gegn stefndum vegna slyssins og lauk þannig með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 7. f. m., að hann var talinn eiga nokkra sök á slysinu og sektaður um kr. 100.00, fór fram rannsókn á slysi þessu. Var stefndur sjálfur spurður, menn þeir, er sjónarvottar voru að slysinu leiddir sem vitni, og loks voru ýmsir sérfróðir menn látnir segja álit sitt á ýmsum atriðum í sambandi við slysið. Hefir stefndur sjálfur skýrt svo frá, að bifreið sin hafi í þetta skipti verið hlaðin sandi. Kveðst hann, áður en hann kom að bátnum, hafa séð mann vinstra megin við hann, og taldi hann

manninn vera að laga eitthvað, enda myndi hafa verið stöðvað til þess.

Kveðst hann hafa ekið hiklaust áfram, en þó dregið úr hraða, er hann ók aftur með bátnum, líklega niður í 15—18 km, miðað við klst. Hann minntist þess ekki að hafa gefið hljóðmerki. Bil það, er verið hafði milli bifreiðar hans og bátsins, er hann ók aftur með honum, telur hann, að því er bókað er í lögregluþrófunum, að hafi verið 75—80 cm, en í flutningi máls þessa hélt umboðsmaður stefnanda því fram, án þess að sú frásögn hans væri véfengd, að stefndur hefði játað í þrófunum, að bilið hefði ekki verið breiðara en svo, að maður myndi hafa þurft að skáskjóta sér til að komast um það. Stefndur kveðst aldrei hafa komið auga á Sigmund, frá því hann sá hann vinstra megin bátsins, en kveðst aðeins hafa fundið, að eitthvað kom við bifreiðina um leið og hún var að sleppa aftur fyrir bátinn, og því stöðvað til að aðgæta, hvað það hefði verið, og þá séð Sigmund liggja á götunni. Hann kveðst hafa ekið eins utarlega á veginum eins og hann hafi séð sér fært og ekki vikið inn á hann, fyrr en hann hafi verið kominn fram hjá bátnum. Við hægri hlið stefnds í stýrishúsinu sat maður, en ekki virðist það hafa varnað honum útsýnis á neinn þann hátt, að máli geti skipt.

Um hraða R 358 segir eitt vitnið, að hann hafi verið mest 25 km, miðað við klst., en hin gizka ýmist á, að hann hafi verið 16—20, eða segja aðeins, að hann hafi verið hóflegur. Um bilið milli R 358 og bátsins segja sum vitnin, að það hafi verið manngengt, en önnur telja, að svo hafi ekki verið. Þá telja sum vitnin og, að stefndur hafi beygt inn á veginn, þegar er bifreið hans var komin móts við hunguna á bátshliðinni, en önnur, að hann hafi ekki gert það, fyrr en hann kom aftur fyrir bátinn. Aðeins eitt vitnanna, þ. e. maður sá, er sat við hlið stefnds í stýrihúsi R 358, kveðst hafa heyrt hann gefa hljóðmerki.

Af því, sem nú hefir verið sagt, og öðru, er fyrir liggur, telur rétturinn, að hraði R. 358 aftur með bátnum hafi að allra minnsta kosti verið 18 km, miðað við klst. Verður það að teljast óhæfilega mikill hraði, eins og þarna stóð á, einkum þegar litið er til þess, að stefndur hafði veitt Sigmundi eftirtækt, séð, að hann var með hugann bundinn við að gæta að bátnum og gat átt von á honum fyrir

afturstefnið á hverri stundu. Bar stefndum því að aka svo hægt, að hann gæti þegar í stað stöðvað bifreiðina, en til þess er 18 km hraði of mikill. Telja verður upplýst, að bíl það, er varð milli bátsins og bifreiðar stefnds, er hún ók aftur með honum, hafi a. m. k. ekki verið breiðara en svo, að það hafi verið tæplega manngengt. Eftir því sem fyrir liggur um stöðu R. 507 á veginum, breidd bátsins og loksins um breidd vegarins og R. 358, gat stefndur ekið til muna utar á veginum en hann gerði, þ. e. fjær bátinum, og bar honum að sjálfsögðu, eins og þarna stóð á, að gera það. Með tilliti til þess, er áður segir um, hvort stefndur hafi gefið hljóðmerki og þá einkum þess, að hann þorir ekki sjálfur að fullyrða það, og stefnandi véfengir, að svo hafi verið, verður rétturinn að telja það ósannað.

Að því er Sigmund sjálfan snertir, má telja upplýst, að hann hafi varúðarlaust gengið fyrir afturstefni bátsins og eitthvað út á veginn, án þess þó að ljóst sé, hversu langt, og verið með hugann bundinn við að athuga bátinn, en ekki aðgætt umferðina, enda þótt til þess væri fullkomin ástæða, þar sem Laugarnesvegurinn er mjög fjölfarinn af bifreiðum.

Að þessu athuguðu virðist réttinum, að bæði stefndur og Sigmundur hafi átt þátt í því, að slys þetta varð. Virðist þáttur hvors um sig í því vera þannig, að skipta beri sökinni á því til helminga á milli þeirra. Ber stefndum því að bæta stefnanda helming hins óbætta tjóns vegna slyssins, og kemur upphæð þess nú til álita.

Stefnandi sundarliðar skaðabótakröfu sína þannig:

- |                              |              |
|------------------------------|--------------|
| 1. dánarbætur .....          | kr. 14000.00 |
| 2. jarðarfararkostnaður .... | — 697.00     |

Samtals kr. 14697.00

*Um 1.* Sigmundur var fæddur 25. október 1897. Hann var, svo sem áður segir, kvæntur stefnanda máls þessa, en hún mun vera fædd 17. október 1904. Áttu þau eitt barn, fætt 21. nóvember 1934. Sigmundur hafði átt flutninga-bifreið og stjórnaði henni sjálfur, en hafði á þeim tíma, er slysið varð, misst réttindi til að stjórna henni um stundar sakir og hafði selt hana. Hreinar árstekjur hans munu hafa numið um kr. 3200.00 árið 1934 og um kr. 2700.00 1936, en þá vann hann að flutningum með bifreið

sinni. Þegar slysið varð, stundaði Sigmundur hlaupavinnu, en var hvergi fastráðinn. Að framanskráðu athuguðu þykja bæturnar undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

*Um 2.* Jafnvel þótt fallast megi á það með stefndum, að liður þessi sé mjög hár, þá þykir þó verða að taka hann til greina óskertan, þareð lagðir hafa verið fram reikningar um kostnaðinn, og hann mun ekki hærri en almennt gerist hér í bænum.

Telur rétturinn samkvæmt framansögðu tjón stefnanda af framangreindu slysi hafa numið kr. 12697.00. Greiðsla frá slysatryggingu ríkisins, kr. 4300.00, kemur hér til frádráttar, og eru þá eftir kr. 8397.00, en helming þeirrar upphæðar, eða kr. 4198.50, ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Halldór Sveinsson, greiði stefnanda, Nancy Sigurðsson, kr. 4198.50 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1940.

Nr. 95/1938. **Ingibjörg Bjarnadóttir**

(Guðmundur Í. Guðmundsson)

gegn

**Gunver E. Limkær**

(Einar B. Guðmundsson).

Ómörking héraðsdóms og heimvísun málsins.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdómurinn er kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur af hinum reglulega héraðsdómara, Birni lögmanni Þórðarson.